

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 2. apríl 2008 í máli nr. S-9/2008:

Ákærvaldið

(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)

gegn

X

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 10. mars sl., höfðaði lögreglustjórinn á Vestfjörðum með ákæru 7. febrúar 2008 á hendur ákærða, X, ...;

„fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa ... sunnudaginn 10. janúar 2008, ekið bifreiðinni YY-XXX, ófær um að stjórna henni örugglega vegna neyslu kannabis, norður Holtabraut, Ísafirði, þar sem lögreglan hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við ... 45. gr. a, sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 186. gr. laga nr. 82/1998, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda skv. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Ákærði gerir þær kröfur í málinu að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds og að verjanda verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

I.

Samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum veittu tveir lögreglumenn úr lögreglunni á Vestfjörðum bifreiðinni YY-XXX athygli, um kl. 15:05 fimmtudaginn 10. janúar 2008, er henni var ekið norður Holtabraut á Ísafirði. Ákvað lögregla að stöðva akstur bifreiðarinnar og kanna ástand ökumanns hennar, ákærða í máli þessu.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að óskað hafi verið eftir því við ákærða að hann kæmi á lögreglustöð til þvagsýnisgjafar. Ákærði hafi í fyrstu neitað en eftir nokkurt þref hafi hann síðan fallist á að fara með lögreglumönnum á lögreglustöðina þar sem hann hafi látið í té þvagsýni. Hafi sýnið svarað jákvætt við kannabisprófi. Ákærði hafi í kjölfarið verið handtekinn, grunaður um akstur undir áhrifum

fíkniefna. Þá hafi honum verið gert að gefa blóðsýni í þágu rannsóknar málsins til viðbótar við þvagsýni það sem hann hafði áður gefið.

Í skýrslu, sem tekin var af ákærða á lögreglustöðinni skömmu eftir handtöku hans, er meðal annars eftir honum bókað: „Aðspurður segist mætti viðurkenna að hafa neytt kannabisefna, en það hafi ekki verið síðan á nýárs morgun. Engin fíkniefni hafi hann tekið inn síðan þá. Hann segist þannig ekki finna í dag til vímuáhrifa af þessu efni.“

Þá er um ástand ákærða bókað í vistunarskýrslu lögreglu, sem rituð var vegna skammvinnrar vistunar hans í fangageymslum lögreglu í kjölfar handtöku, að sjáöldur augna hans hafi verið eðlileg og jafnvægi stöðugt. Þá hafi framburður hans verið greinargóður og málfar skýrt.

II.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa sunnudaginn 10. janúar 2008 verið við akstur bifreiðarinnar YY-XXX á Holtabraut á Ísafirði er lögregla hafði afskipti af honum. Ákærði neitaði því hins vegar að hafa þá verið ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega vegna kannabisáhrifa.

Tilvist tetrahýdrókannabínólsýru í þvagsýni sem ákærði gaf í þágu rannsóknar málsins 10. janúar sl. skýrði hann með kannabisneyslu sinni viku fyrir aksturinn.

III.

Í málinu liggur fyrir skrifleg matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands vegna rannsóknar á blóð- og þvagsýnum sem ákærði gaf í þágu rannsóknar málsins 10. janúar 2008. Í matsgerðinni, sem dagsett er 28. janúar 2008 og unnin var af Jakobi Kristinssyni dósent segir svo um niðurstöður rannsóknarinnar:

Blóðsýni nr. 44613 og þvagsýni nr. 44614: Í þvagini fannst tetrahýdrókannabínólsýra. Tetrahýdrókannabínól var ekki í mælanlegu magni í blóðinu.

Tetrahýdrókannabínól er hið virka efni í kannabis. Tetrahýdrókannabínólsýra er óvirkt umbrotsefni þess í þvagi. Tetrahýdrókannabínólsýra í þvagi, án þess að tetrahýdrókannabínól sé að finna í blóði, bendir til þess að ökumaður hafi neytt kannabis, en ekki verið lengur undir áhrifum efnisins þegar blóðsýnið var tekið.

Tetrahýdrókannabínólsýra er í flokki ávana- og fíkniefna, sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Ökumaður telst því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar blóð- og þvagsýnin voru tekin, sbr. gr. 45 a í umferðarlögum nr. 50/1987 m. breytingum.

Jakob Kristinsson kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði tilvitnaða matsgerð. Fram kom hjá vitninu að engar ályktanir væri hægt að draga af magni tetrahýdrókannabínólsýru í þvagi um ástand viðkomandi einstaklings. Því væri

þýðingarlaust að afla tölulegra niðurstaðna um magn tetrahýdrókannabínólsýru í þvagi í málum sem þessu.

Þá bar vitnið að undir venjulegum kringumstæðum tæki það líkamann nokkra daga, kannski rúmlega viku og jafnvel upp í tvær til þrjár vikur, að losa sig við tetrahýdrókannabínól og niðurbrotsefni þess, allt eftir því hversu mikil kannabisneyslan hefði verið. Ennfremur kvað vitnið þekkt tilvik um að „... stórneytendur af kannabis, þeir hafa komið út jákvæðir í þvagi allt upp í tvo mánuði.“

IV.

Svo sem áður er rakið eru sakargiftir á hendur ákærða í máli þessu þær að hann hafi sunnudaginn 10. janúar 2008 ekið bifreið ófær um að stjórna henni örugglega vegna neyslu kannabis og með því brotið gegn 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987. Nefnd lagagrein er í VII. kafla umferðarlaga, sem ber yfirskriftina: „Um ökumenn. *Veikindi, áfengisáhrif o.fl.*“, en 1. mgr. hennar hljóðar svo: „Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim.“ Í 2. mgr. 45. gr. a segir síðan að mælist ávana- og fíkniefni skv. 1. mgr. í blóði eða þvagi ökumanns teljist hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Framburður ákærða fyrir dómi um að hann hafi neytt kannabis viku fyrir aksturinn er fyllilega í samræmi við niðurstöður rannsóknar á blóð- og þvagsýnum er hann gaf í þágu rannsóknar málsins, framlagða matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræðum og vætti Jakobs Kristinssonar dósents fyrir dómi. Þá verður af matsgerðinni og framburði Jakobs ráðið, sem og lýsingu í vistunarskýrslu lögreglu á ástandi ákærða umrætt sinn, að ekkert bendi til þess að ákærði hafi í raun verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna við aksturinn.

Augljóst er að 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 er, líkt og 44. gr., 44. gr. a og b og 45. gr. laganna, ætlað að vinna að því lögmæta markmiði að ökumenn séu við akstur í sem bestu ástandi og þannig stuðla að auknu umferðaröryggi. Tilvitnuð 45. gr. a kom inn í umferðarlög með 5. gr. laga nr. 66/2006. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til þeirra laga sagði meðal annars svo í athugasemdum við 5. gr.:

Sú tillaga sem sett er fram í frumvarpinu og miðar við efra ölvunarstigið er í samræmi við alvarleika brota og ábendingar þess efnis að erfitt sé að ná fram sakfellingu í málum er varða akstur undir áhrifum lyfja eða ávana- og fíkniefna þar sem sanna þurfi að ökumaður geti ekki stjórnað ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga. Hæstiréttur hefur gert ríkar kröfur um sönnun í slíkum málum auk þess sem talsverður fjöldi mála kemur aldrei á borð dómstólanna.

Af framansögðu er ljóst að með setningu 2. mgr. 45. gr. a var það meðal annars ætlun hins almenna löggjafa að bæta sönnunarstöðu ákærvaldsins í málum vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna, sbr. 1. mgr. sömu greinar. Ennfremur er ljóst að ef 2. mgr. er túlkuð samkvæmt orðanna hljóðan getur það leitt til þeirrar niðurstöðu að sakborningur, sem ekki er raunverulega undir áhrifum fíkniefna, og hefur jafnvel

ekki verið í slíku ástandi svo dögum eða vikum skiptir, teljist vera „undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ í skilningi málsgreinarinnar.

Svo sem áður er rakið er verknaðarlýsingu brots þess sem ákærða er gefið að sök í ákæru að finna í 1. mgr. 45. gr. a umferðarlaga. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem veitt var lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum. Er lagaregla þessi jafnframt ein af grundvallarreglum íslensks réttarfars.

Í 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga er að finna skilgreiningu á því hvað teljist að vera „undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ í skilningi 1. mgr. sömu greinar. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu þykir mega slá því föstu að ákærði hafi umrætt sinn í raun ekki verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Að því virtu og með vísan til áðurnefndrar grundvallarreglu íslensks réttarfars, sbr. 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og tilvitnaðra ummæla í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 66/2006, þykir verða að skýra 2. mgr. 45. gr. a svo þröngt að hún taki ekki til þess tilviks sem hér er til umfjöllunar og verður sakfelling ákærða því ekki reist á nefndri málsgrein. Að þeirri niðurstöðu fenginni er ljóst að ákæruvaldinu hefur ekki tekist að sanna gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991, að ákærði hafi umræddan dag ekið bifreiðinni YY-XXX ófær um að stjórna henni örugglega vegna neyslu kannabis. Verður hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Samkvæmt 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 greiðist allur kostnaður sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., er hæfilega þykja ákveðin svo sem í dómsorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum. Við ákvörðun málsvarnarlaunanna er sérstaklega litið til þess að verjandi flutti mál þetta samhliða öðru sambærilegu máli.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari, en uppkvaðning dómsins hefur dregist lítillaga vegna veikinda dómara.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, skal sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 97.608 krónur.

Kristinn Halldórsson